



Stjórnarfundur FRÍ

Dags: Þriðjudagur, 24. janúar 2023

Fundur: 13. fundur stjórnar 2022-2024

Staðsetning: Zoom

Mætt:

Aðalstjórn: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Auður Árnadóttir, Bergþóra Guðjónsdóttir, Freyr Ólafsson, Jóhann Haukur Björnsson.

Varastjórn: Björgvin Víkingsson, Eiríkur Mörk Valsson, Hjördís Ólafsdóttir, Kári Steinn Karlsson, Rannveig Oddsdóttir.

Starfsmenn: Guðmundur Karlsson, Íris Berg Bryde

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá:

1. Fundarboðun og rafrænt afgreidd erindi

Boðun samþykkt. Uppfærðar reglugerðir og gjaldskrár voru sendar út 20. janúar eftir kynningu.

2. Reglugerðir FRÍ

Formaður fer yfir athugasemdir sem gerðar hafa verið við reglugerðabreytingar frá aðildarfélögum.

Einnig var rætt um gjaldskrárhækkunarir, en þar er aðallega gagnrýnt að óljóst sé hvenær gjaldtaka eigi að hefjast og hvaða tölur liggi til grundvallar innheimtu. Samþykkt var að koma til móts við athugasemdir en reglugerðinni verði þó ekki breytt efnislega fyrr en að loknu frekara samráði við hreyfinguna.

3. Þjóðarleikvangur, sjá hugmynd að ályktun fundar að neðan

Samþykkt var að senda eftirfarandi ályktun út ásamt því að fara í samtali við KSÍ um skipulag á svæðinu:

Stjórn FRÍ fagnar niðurstöðum frumathugunar Framkvæmdanefndar á byggingu Þjóðarhallar í

Laugardal fyrir Reykjavíkurborg og íslenska ríkið, sem kynntar voru 16. janúar sl., þar sem m.a. kemur fram að vinna að deiliskipulagi standi yfir. FRÍ vill að þeim sökum minna á niðurstöður hjá breiðum starfshóp hagaðila undir forystu mennta- og menningarmálaráðuneytis, Reykjavíkurborgar og FRÍ frá haustinu 2021 um þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir. Hópurinn komst að þeirri niðurstöðu að framtíð frjálsíþróttastarfs sé best borgið á nýjum leikvangi fyrir norðan Suðurlandsbraut, austan frjálsíþróttahallar við Engjaveg. Mannvirki sem myndi tengjast núverandi frjálsíþróttahöll, öðrum íþróttamannvirkjum sem og öðrum opnum svæðum í Laugardal. Mikilvægt er að hagsmunum frjálsíþróttta sé viðhaldið í deiliskipulags vinnunni en ekkert síður að hafin sé gerð frumathugunar á því verkefni sem lýtur að nýjum þjóðarleikvang fyrir frjálsíþróttir. Jafnframt er mikilvægt að hugað verði að góðum göngutengingum (ofan- og neðanjarðar) á milli frjálsíþróttahallar og þjóðarleikvangs fyrir frjálsíþróttir.

4. RIG

Leitað eftir samstarfs- og styrktaraðilum. Einnig óskað eftir að fá starfsmann til þess að afhenda verðlaun á mótinu. Freyr leggur til að talað verði við Ásmund Einar Daðason, Eirík Björn Björgvinsson.

5. Önnur mál

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18.00